

Höfundasjóðir Félags kvikmyndagerðarmanna (FK)

Almennt um höfundarétt kvikmynda

Samkvæmt 2. gr. samþykktu FK segir um tilgang félagsins; *Tilgangur félagsins og markmið er að stuðla að skapandi, listrænni og menningarlegri kvikmyndagerð og standa vörð um hagsmuni og höfundarrétt félagsmanna. Félagið er heildarsamtök kvikmyndagerðarmanna og kemur fram fyrir þeirra hönd gagnvart stjórnvöldum, menningarstofnunum, öðrum félagasamtökum og erlendum aðilum.*

<https://filmmakers.is/index.php/umfk/log-felagsins/>

Höfundasjóðir FK eru stofnaðir í samræmi við höfundalög nr. 73.1972 sem byggja á tilskipunum EB eða ESS og þá helst *tilskipun um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu (2001/29/EB)* svokallaðri InfoSoc tilskipun og síðan ákvæðum annarra tilskipanna og þá helst *tilskipun um leigu- og útlánsrétt (2006/115/EB)*. Verið er að innleiða nýja tilskipun DSM (Digital Single Market 790/2019 ESB) sem mun leysa InfoSoc af hólmi en með DSM tilskipuninni verða verulegar umbætur varðandi réttindi höfunda.

<https://www.stjornarradid.is/verkefni/menningarmal/hofundarettur/althjodlegar-skuldbindingar/>

Tilskipanir byggja á alþjóðlegum höfundasáttmálum og þá er það helst Bernarsáttmálinn frá 1886 með síðari breytingum og svo Rómarsáttmálinn frá 1961. Einnig eru höfundaréttarsáttmálar WIPO frá 1996 mikilvægir og TRIPS samningurinn 1994 um viðskiptalega þætti hugverkaréttinda.

Innheimtumiðstöð réttihafa eða IHM var stofnuð upphaflega 1984 af hagsmunafélögum höfunda og annarra félaga réttahafa bæði flytjenda og framleiðenda, samkvæmt 11. gr. höfundalaga. Höfundum er bætt heimild almennings samkvæmt lögnum vegna *eintakagerðar til einkanota (privat copying)*.

https://ihm.is/Um_IHM/

Einnig kom til tekjur vegna 23. gr. höfundalaga eða svokallaðs Kapals sem byggir á tilskipun um; *útsendingar um gervihnött og endurvarp um kapal (93/83/EBE)*. eru það tekjur vegna heimildar í lögum fyrir á endurvarpi sem höfundum og rétthöfum er bætt. Í dag eru ekki miklar tekjur vegna Kapals til höfunda FK en vonandi stendur það til bóta.

Verið er að vinna í því að fjölga tekjustofnum IHM og er til skoðunar notkun á kvikmyndum í menntastofnunum. Í nágrannalöndum fá höfundar bætur vegna ólöglegar notkunar á höfundavörðum kvikmyndum í skólum en sú notkun hefur aukist mikið á síðustu 10-20 árum með tilkomu myndvarpa og sýningartjalds í hverri skólastofu. Höfundar texta vegna ljósritunar hafa fengið greiðslur gegnum Fjölís frá 1985. Er búið að senda ráðuneyti bréf og samningaviðræður væntanlega framundan.

Höfundatekjur og úthlutunarreglur FK

Með breytingu á höfundalögum 1984 komu inn ákvæði í 11. gr. laganna um bætur vegna heimildar um *eintakagerð til einkanota*. Bætur skyldu greiðst til samtaka höfundaréttarféлага eða Innheimtumiðstöðvar rétthafa (IHM) í samræmi við lög og reglugerðir. IHM greiðir síðan einstökum höfundaréttarfélögum sem greiða síðan til höfunda samkvæmt samþykktum og úthlutunarreglum.

Til að tryggja samræmingu í Evrópu um réttindi höfunda kom tilskipun um *sameiginlega umsýslu höfundarréttar og skyldra réttinda og leyfisveitingar yfir landamæri vegna netnotkunar á tónverkum (2014/26/ESB)* og var tilskipun innleidd með lögum um *sameiginlega umsýslu höfundarréttar nr. 88/2019*. Mikil áhersla er lög á gagnsæi og jafnan rétt allra höfunda hvort sem þeir eru félagsmenn í hagsmunafélögum eða ekki.

Ekki hefur verið samkomulag milli höfunda kvikmyndaverka um skiptingu á bótum og hefur ágreiningi verið vísað í gerðardóm samkvæmt samþykktum IHM fyrst 1992 og aftur 1999 og síðan er nýlegur úrskurður 2022. Bæði er ágreiningur um forræði og einnig hlutdeild. Skipting á milli einstakra höfunda og forræði félaganna er að mestu frá gerðardómi 1999 en skipting bóta milli félaganna er samkvæmt gerðardómi 2022.

Úthlutunarreglur FK eru að mestu frá 2008 með síðari breytingum en á aðalfundi FK 2024 verða lagðar fram nýjar uppfærðar úthlutunarreglur sem taka mið af breyttu landslagi og þá sérstaklega tæknibreytingum síðustu áratuga. Breytingar á höfundarétti síðustu öldina hafa verið knúnar áfram af tæknibyltingu sem breytir því hvernig verk eru birt. Þá fyrst með sýningu kvikmynda svo tilkomu sjónvarps og síðar upptökutækni samber VHS, DVD, sjónvarpsflökkurum og svo byltingu stafræna heimsins með veraldarvefnum.

Meginhluti höfundatekna FK í gegnum tíðina hefur verið vegna 11. gr. höfundlaga. Var í upphafi miðað við sölu á VHS spólum síðan DVD diskum en sala á þeim minnkaði frá 2003 og var að mestu hætt 2015 og lögðust því af höfundagreiðslur FK. Með lögum 109/2016 um breytingu á höfundalögum með síðari breytingum (*eintakagerð til einkanota*) kom til nýr tekjustofn. Ósætti var um skiptingu og ekki lengur hægt að aðskilja tónlist (CD og kassettur) og kvikmyndir (DVD og VHS) eins og áður var. Gerðardómur 2022 úrskurðaði því bótum af heildarpotti.

Í gerðardómum 1993 og 1999 var deilt um hvaða félag höfunda væri í forsvari fyrir hvaða höfundahóp og varð niðurstaðan Myndstef færi með rétt leikmynda- og búningahöfunda. Eins var niðurstaða að réttur að handritum leikinna kvikmynda (fiction) færi til Rithöfundasambandsins en Hagþenkir fer með rétt á heimildamyndum og fræðslumyndum (facta). Í Gerðardómi 1993 var niðurstaðan að hreyfimyndir væru á forræði FK enda voru flestar hreyfimyndir teknar upp með *stop motion* á þeim tíma.

Samkvæmt Kafla VIII.6. í Gerðardómi IHM 1999 segir um hlut Félags kvikmyndagerðarmanna; **klipparar, hljóðhöfundar, kvikmyndatökumenn og ljósamenn eiga þátt í gerð nær alls sjónvarpsefnis sem sýnt er hér á landi og tekið er upp á myndbönd. Vægi höfundarframlags þeirra sem verndar nýtur samkvæmt höfundalögum, er á hinn bóginn tiltölulega lítið, í samanburði við ýmsa aðra réttthafa, og framlag þeirra er væntanlega sjaldnast meginuppistaða þeirra verka sem sýnd eru í sjónvarpi og tekin upp.**

*Höfundarframlag annarra, sem heyra til Félagi kvikmyndagerðarmanna, t.d. stjórnenda kvikmyndatöku eða svokallaðra **kvikmyndastjóra**, getur verið töluvert. Um er að ræða afmarkaða efnisflokka, svo sem heimildarmyndir, fræðsluefni, dýralífsmyndir, stuttmyndir ýmiss konar og annað efni sem ekki er leikið. Þessir aðilar koma hins vegar að flestum eða öllum þáttum í gerð slíks efnis.*

Úthlutunarreglur FK voru frá upphafi byggðar á niðurstöðum gerðardóma 1993 og 1999 og að auki á skilgreiningu og skiptingu sem höfundaréttarsamtökin Kopiosto í Finnlandi hefur þróað. Var ákveðið í kjölfar gerðardóms 2022 að endurnýja úthlutunarreglurnar og verða nýjar eða uppfærðar reglur lagðar til samþykktar fyrir aðalfund FK 2024.

Höfundasjóðir FK

Annars vegar eru það bætur vegna 11. gr. höfundalaga vegna eintakagerðar til einkanota og hins vegar vegna Kapals. Bótum vegna 11. gr. hefur verið skipt í tvo sjóði; Spólusjóðinn og Menningarsjóð og síðan er Kapalssjóður sem hefur verið óverulegur.

Tekjum vegna Kapals hefur verið ráðstafað sameiginlega en stærsti hlutinn af Kapli eða 2/3 er greiddur til erlendra systursamtaka Copydan, Copyswede og Norwaco vegna endurvarps á DR, SVT og NRK og sér IHM um þær greiðslur. Einhverjar smásporur berast frá sömu samtökum vegna sýninga íslenskra verka á norðurlöndum. Tekjur vegna Kapals hafa verið óverulegar en staðið undir kostnaði sameiginlegra verkefna FK.

Tekjur vegna eintakagerðar til einkanota skiptast á milli spólusjóðs og menningarsjóðs. Spólusjóður auglýsir á hverju ári eftir umsóknum vegna frumsýninga liðins árs. Reyndar kom tekjur vegna 2022 í árslok 2023 og eru því fyrst auglýstar 2024. Auglýsing er birt á samfélagsmiðlum og í bréfi til félaga FK. Áður var keypt auglýsing í dagblöðum en ekki lengur, bæði vegna kostnaðar og alls ekki allir sem eru áskrifendur að dagblöðum í dag en ætla má að flestir höfundar séu virkir á samfélagsmiðlum.

Umsóknarformið fyrir spólusjóðinn er á heimasíðu FK og er opnuð í kjölfar auglýsingar. Þegar umsóknarfresti lýkur fer úthlutarnefnd yfir umsóknir og reiknaðir eru punktar fyrir hvert verk sem byggir á höfundaframlagi, lengd verks og að einhverju á líkindum á eintakagerð þá miðað við áhorf svo fremri sem það er aðgengilegt. Menningarsjóðurinn er opin og án auglýsingar og umsóknarformið einnig á heimasíðu FK og er sjóðurinn hugsaður til að mæta tilfallandi kostnaði, vegna kvikmyndahátíða, endurmenntunar, ráðstefna eða annarra verkefna eða kostnaðar sem höfundar sækja um.